Jón Kristjánsson
fiskifræðingur
Skipasundi 90
104, Reykjavík

Nóvember 1995

Laxá í Hvammsveit 1995

Seiðaveiðar

Seiðabúskapur árinnar var rannsakaður 29. júlí. Niðurstöður voru þær að mjög lítið fannst af náttúrulegum seiðum á fiskgenga hlutanum, lítið fannst af sleppiseiðum í Sælingsdalsá en mikið fannst af sleppiseiðum frá í fyrra í Svínadalsá.

Fiskgengi hlutinn

Veitt var allstórt svæði neðan við neðstu brú, um 300 m neðan brúarinnar þar sem vað er á ámni. Botninn þarna er fíngerður, áin er breið og vatnsdýpt var allt að 70 sm. Engin seiði fundust á þessu svæði.

Fyrir ofan brúna, rétt neðan við ármótin, fannst eðlilegt magn eins árs seiða og vart var við tveggja ára seiði.

Veitt var á öllu svæðinu frá laxastiga niður að ármótum. Efstu 150 metrarnir voru þaulveiddir og veitt var á stöku stað alveg að ármótunum. Engin seiði fundust á þessu svæði, utan tvö sjógönguseiði, væntanlega á niðurleið.

Veitt var neðan við Geirmund, frá fossi og að vaðinu um 100 m neðar. Þarna fannst nokkuð af ársgömlum seiðum í þéttleika sem var eitt seiði á hverja 5-10 fermetra, sem er viðunandi. Engin seiði voru drepin, af skiljanlegum ástæðum, og því engin sýni tekin.

Ófiskgengi hlutinn

Veitt var í Sælingsdalsá á móts við Gerði. Örfá seiði fundust. Áin er þarna illa fallin til uppeldis vegna þess hve botninn er fíngerður og á hreyfingu. Þetta svæði hefur alltaf sýnt lélega afkomu, seiðin virðast lifa illa og eiga sér helst athvarf bak við fáeina steina og torfhnausa sem eru þarna á stangli.

Veitt var í Svínadalsá um 2.5 km ofan við vegamótin að Laugum. Mjög mikið fannst af sleppiseiðum frá í fyrra, 7,5-9,5 sm löngum. Ekki fundust eldri seiði, vafalaust hafa þau öll verið gengin til sjávar. Skilyrðin í ánni eru mjög góð, þau bestu á öllu vatnasvæðinu. Seiðin fara öll út tveggja vetra gömul þrátt fyrir að þéttleikinn sé mikill. Auka mætti sleppingar á þetta svæði. Það er um 5,5 km langt ofan vegamótanna heim að Laugum. Unnt er að sleppa seiðum allt upp að efra ræsinu undir veginn en þar er orðið vatnsminna og borninn fíngerðari. Ekki voru heldur drepin seiði á þessu svæði.

Framkvæmdir

Ekki hefur enn verið ráðist í framkvæmdir við Geirmund. Þessum áætlunum var lýst í skýrslu ársins 1994.

Verið hefur á áætlun að lagfæra laxastigann í Sælingsdalsá og virðist svo sem að nú vilji menn hrinda því í framkvæmd. Í ljósi þess hve svæðið ofan laxastiga er rýrt framleiðslusvæði, hve veiðistaðir eru þar fáir og hve lítið er af laxi núna sem myndi fara upp

stigann, er það mín skoðun að sú framkvæmd ætti að bíða enn um sinn. Svæðið neðan stigans er nánast seiðalaust og eru því ekki líkur til að þröng verði neðan stigans allra næstu árin a. m. k.
Ég tel réttara að framkvæmdir við Geirmundarfoss hafi forgang, þar er miklu meira að vinna. Þar fyrir ofan eru margir veiðistaðir og Svínadalsáin hefur mjög góð uppeldisskilyrði.

Veiðin 1995

Alls veidduat 38 laxar og er þá klakveiðin meðtalin, 27 smálaxar og 11 stærri. Þetta er heldur skárra en í fyrra og virðist sem veiðin hafi náð botninum og fari upp á við næstu árin. Þó ber að hafa í huga að fiskgengi hlutinn framleiðir nánast ekki neitt eins og er.

Hraunsfjarðartollurinn

Nú í haust komu fyrstu niðurstöður merkinga laxaseiða sem áttu að upplýsa hvort Dalalax væri tekinn í Hraunsfirði. Niðurstöður eru þær að verulegur hluti merktra laxa kemur þar fram eða um 20-25%, allt eftir því hvernig gögnin eru túlkuð. Það er ljóst eins og ég var hræddur um, að merkingarnar voru svo litlar og eftilit í ánum það slælegt að vandræði eru að túlka gögnin. Deildarstjóri Veiðimálastofnunar á Vesturlandi segir í skýrslu sinni að gögnin séu það fátækleg að þau gefi aðeins vísbendingar: hægt sé að staðfesta að lax komi fram í Hraunsfirði en erfitt sé að segja hve hár tollurinn sé. Þetta máttu menn vita þegar lagt var upp. Þá eru merkjaskil úr ánum ekki áreiðanleg og ekki hefur verið gerð tilraun til að meta veiðiálagið í ánum. Giskað er á að það sé 50% en það er sennilega miklu hærra, sérstsklega í laxlitlu ánum. Ef veiðiálag er 70% en ekki 50% þýðir það stærri hluti göngunnar er tekinn í Hraunsfirði en menn eru að giska á.
Það sem menn sitja uppi með samt sem áður er að Hraunsfjörður tekur hærri toll en aðstandendur stöðvarinnar og flestir vísindamenn gerðu ráð fyrir.